

## Nýir félagar

Við bjóðum eftirtalda félaga velkomna í okkar hóp og tökum vel á móti þeim við þau tækifæri sem bjóðast í félagsheimilinu næsta vetur og á veiðisvæðum í sumar.

Nr. 644	Sigurjón Atli Sigurðsson	Búðagerði 5	108 Reykjavík	588 7952
Nr. 645	Ragnar Björnsson	Karfavogi 52	104 Reykjavík	581 4477

### Veiðimenn í Grenlæk í maí og júní!

Veiðimenn sem verða við veiðar í Fitjaflóði eða á svæði 3 þar fyrir neðan í maí og júní eru beðnir um að sleppa þeim fiskum sem mælimerktir voru nú í vor sé þess kostur þannig að þeir komist til að sinna mælingum í sjó þetta sumarið. Þessir fiskar þekkjast frá öðrum mælimerktum fiskum á því að slöngumerkið er hvítt sem þeir bera á bakinu ásamt mælimerkja-hólkunum (tveir glærir hólkur hvor sínum megin við bakugga).

### Hvernig stöndum við okkur?

Á stjórnarfundum Ármanna hinn 16. maí s.l. var rætt á viðum grundvelli um stöðu veiðimála. Daniel Pálsson sat fundinn fyrir hönd veiðiöflunarnefndar. Kom þar fram að uggur er í félögum vegna hins mikla fjár sem er í boði frá útlendingum fyrir veiði á Íslandi.

Stéttaskipting eða öllu heldur auðskipting þjóðfélaga er þannig að til er fjöldi fólks sem finnst ekki tiltökumál að kaupa heilu sveitirnar á Íslandi til að eignast veiðirétt í tiltekinni á. Sem betur fer höfum við lög í landinu sem hamla gegn slíkum yfiryfngangi í krafti auðs. Allt ber þó að sama brunni og við sjáum æ hærra verð veiðileyfa vegna áhrifa útlendinga og það er ekki bara laxveiðin sem verður dýrari því verð silungsveiðileyfa fer einnig hækkandi. Sumir fundarmenn þóttust sjá fram á að miklar breytingar væru í vændum á veiðileyfamarkaðnum þar sem erlend itök myndu verða enn meiri með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Útlendingadekur, stundum kallað gestrisni, er okkur svo í blóð borið að við erum að missa landsgæði okkar í hendur útlendinga.

Veiðifélagið Ármenn var stofnað árið 1973 af eldhugum í fluguveiðiþróttinni, mönnum sem sáu hvert stefndi og settu því „landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu“ sem undirtitil við nafn hins nýja félags. Í 2. grein 3. lið laga Ármanna settu þeir að tilgangur félagsins væri að Íslendingum verði jafnan tryggður arborinn forgangsréttur þeirra til íslenskra landgæða.

Það er holl lesning, sér í lagi ungum félögum, að lesa lög Ármanna, einkum fyrstu greinarnar annað slagið til að finna þann anda sem ríkti og varð kveikjan að stofnun félagsins.

Þegar Hannes tók við formennsku s.l. vetur var það honum ofarlega í huga að kynnast viðhorfum okkar, eldri stjórnarmanna, til fyrstu greina laganna. Hvernig stöndum við okkur í að framfylgja lögum félags okkar? Það er góð spurning.

Verðum við ekki að fara að taka á honum stóra okkar, viðurkenna nýjustu leikreglurnar og leika samkvæmt þeim, leigja ný veiðisvæði eða jafnvel kaupa jarðir með veiðirétti áður en allt lendir í kjafti útlendinga? Einhver tíman heyrði ég að Ármenn væru hópur veiðimanna sem finnur sér sína veiðistaði, hávaðalaust og léti sér nægja að öðru leyti að vera með í skemmtilegu félagi og, í nægjusemi, finnst ágætt framboð veiðileyfa hjá félaginu, nenni ekki að fara á ókunnar slóðir til að kanna aðstæður og hefur nóg með sína leynistaði. Hinn dæmigerði Árnaður geri alls ekki miklar kröfur til frekari veiðileyfaöflunar. Hvað segir hinn almenni félagsmaður? Nú er kominn tími til að tjá sig.

Guðmundur Haukur # 524

# ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Maí 2000

Sumir velja sér  
tvo lífsforunauta  
um ævina

*Scott*  
er annar þeirra

Flugustangir með  
lífstíðarábyrgð

Útsöluastaðir:  
Útillif  
Veiðibúð Lalla  
Vesturröst

FLUGUSTANGIRNAR  
FRÁBÆRU FRÁ SAGE



Servertun fyrir fluguveiðimenn

ÁRMÓT

Þorsteinn Þorsteinsson  
Flókgata 62 - 105 Reykjavík

**ARMENN**

Pósthólf 8444, 121 Reykjavík

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu.

Árósar, Dugguvogur 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

<http://www.if.is/armenn>, [armenn@if.is](mailto:armenn@if.is)

## Opnunartímar í Árósum

Nú fer formlegu vetrarstarfi í Árósum senn að ljúka og við tekur útiveran og veiðin. Við höldum þó áfram að hittast og skiptast á veiðisögum fram yfir Jónsmessu. Opnunartímar næstu mánuði verða sem hér segir:

Mai: Mánudagskvöld frá kl. 20-22.  
Júní: Mánudagskvöld frá kl. 20-22.  
Júlí: Lokað.  
Ágúst: Lokað.  
Sept: Mánudagskvöld frá kl. 20-22.

Í október hefst vetrarstarfið síðan aftur af fullum krafti og verða þá að nýju Skegg og skott á mánudagskvöldum og opið hús á miðvikudagskvöldum. Þá hittast Ármenn aftur sælir og útitekni eftir skemmtilegt veiðisumar og segja miklar sögur af góðum dögum úti í íslenskri náttúru.

## Orðsending til Ölvesvatnsfara

Nú styttesti óðum í að vonglaðir Ármenn haldi norður á Skagaheiði til veiða í Ölvesvatni og ám og vötnum í nágrenninu. Pálmi Sigurðsson er búinn að vera talsvert á ferðinni þar nyrðra núna í vor og list bara þónokkuð vel á stöðu mála. Fiskar hafa veiðst í flestum vötnum, allur ís er löngu horfinn og á kyrrum sumarkvöldum vakir bleikjan um allt.

Haldið verður norður föstudaginn 30. júní en heimkoma er áætluð sunnudagskvöldið 2. júlí. Ætlunin er að hafa bækistöðvar við Ölvesvatn sjálft að venju og þar verður án efa glatt á hjalla. Auðvitað er mönnum frjálst að fara á undan hópnum norður til að ná góðu tjaldstæði eða koju í kofanum. Síðan eru alltaf einhverjir sem heillast svo gjörsamlega af heiðarlífínu að þeir geta ekki slitið sig frá Ölvesvatni og verða eftir til að losna við helgarumferð og njóta lífsins á Skagaheiði. Þar getur verið napurt þegar hann blæs úr norðri en ef veður er skaplegt eru bjartar nætur Norðurlands yndislegri en orð fá lýst.

Undir lok maímánaðar höfðu um 15 manns skráð sig á þátttökulistann sem hangir uppi í Árósum og líklega bætast ekki margir í hópinn úr þessu. Þeir sem hafa áhuga á að slást í hópinn geta haft samband við Ragnar Hólm í síma 695 1000 eða bara mætt norður á áðurnefndum tíma. Við lofum góðri skemmtun og máturegri veiði.

## Eitthvað laust í Grenlæk ennþá!

Eftir því sem næst verður komið munu enn vera laus einhver leyfi í Grenlæk í júní. Áhugasamir geta haft samband við Vesturröst á Laugavegi þar sem leyfin eru höfð til sölu. Í viðtali við Agnar Davíðsson á Fossum núna undir lok maí kom fram að vel hefur veiðst í Grenlæk undanfarið og flestir farið ánægðir heim. Óseld leyfi í Hliðarvatn eru til sölu hjá Þorsteini Þorsteinssyni í Ármótum við Flókagötu.

## Sjóbirtingur deyr

Veðrið var fallett þegar við Jóhann # 606 ókum austur í Grenlæk til að veiða þar saman á eina stöng í Flóðinu. Þetta var um miðjan maí og von á brjálaðri töku. Við félagarnir áttum að veiða með mönnum sem við þekktum lítið sem ekkert en það hafði frést að fyrirliðinn í hollinu hefði gefið skipun um að nú yrði öllu sleppt. Það var þó léttir. Þetta hlytu að vera sómamenn.

Þegar austur kom var aðeins einn úr hópnum mættur. Hinir höfðu ekki komist burt úr vinnunni og þeirra var ekki von fyrir en kvöldið eftir. Þar af leiðandi gátum við Jói veitt tvær vaktir hvor á sína stöngina og það var hreint ekki svo slæmt. Ég þóttist kannast við þann sem mættur var á staðinn og þegar við höfðum rætt saman svolitla stund kom á daginn að ég hafði hitt hann uppi við Úlfsvatn á Arnarvatnsheiði síðasta sumar. Þar lá hann ásamt bróður sínum í tjaldi á túnþökunum við veiðiskálann og hafði fundið GSM-samband á örlytlum punkti. Það þótti okkur merkilegt. Verst var að punkturinn var hægra megin innst í tjaldi þeirra bræðra og því þurfti maður að banka upp á og biðja um að fá að hringja - þótt notaður væri eigin sími.

Nú vorum við hins vegar í vorveiðinni í Grenlæk og tókum því rólega. Við fórum niður eftir þegar klukkan var langt gengin í fimm og reyndum í Trektinni, Hólmunum og Bátalæginu. Feiknafallegur birtingur tók í Trektinni og var líklega á milli 80 og 90 sm á lengd. Hann fékk frelsi á ný en við drápum feita 3 punda bleikju sem tók í Bátalæginu.

Morgunvaktin daginn eftir var liflegri. Allir fengu góða birtinga, engan í Trektinni en talsvert í Hólmunum og um hádegisbil var krökkt af meðalstórum fiski í Bátalæginu. Þetta var vissulega gaman en samt virtist þessi veiði að einhverju leyti vera innantóm og tilgangslaus. Við vorum allir á þeim buxunum að sleppa niðurgöngufiskum þótt þeir væru svo sem ekkert illa haldnir - en slysin gera ekki boð á undan sér.

Þegar ég hafði veitt og sleppt fjórum boltabirtingum sem tóku í einum og sama hylnum í Hólmunum, fékk ég leið á þeim djúpa polli og færði mig aðeins neðar. Og hann var á með það sama! Ég tók stíft á honum, eins og maður gerir gjarnan við fisk sem á að sleppa, en hann hafði kokgleypt og nú sá ég að það blæddi undan tálknborðunum. Fiskurinn var dauðadæmdur. Flugan hafði krækst í tálknin og ef ég sleppti honum myndi honum blæða út á stuttum tíma. Það var eins gott að greiða honum rothöggið strax.

Nú sóttu að hugsanir um það hvers vegna í ósköpunum við félagarnir værum að eiga við þessa fiska, hræða úr þeim líftórana en sleppa þeim síðan ef þeir væru ómeiddir, en fá annars samviskubit yfir því að drepa þá. Við Jói vorum sammála um að það væri í raun engin glóra í þessu. Norður í Laxá getur maður drepit með góðri samvisku ef fiskarnir eru ekki á vetur setjandi, en þeir sem taka dæpt og eru sprækir, fara aftur hressir og kátir eftir skemmtilega viðureign sem þeir sjálfir stofnuðu til. Þegar menn leika sér að niðurgöngufiski og meiða hann þannig að hann á sér enga lífsvon - þá versnar í málinu.

Þess vegna hallast ég æ meira að því að banna eigi alla vorveiði á sjóbirtingi.

Ragnar Hólm Ragnarsson # 511

<b>litla Flugan</b>	<b>Stærsta sérværslun landsins með flugur og fluguhnýtingarefni.</b>	<b>Smásala Heildsala</b>
	Ármúla 19, 2 hæð, 108 Reykjavík Símar 553 1460	Pósthólf 3363 123 Reykjavík

## Stefán Jón opnar flugur.is

Ágætu félagar í Ármönnum. Mig langar að segja ykkur frá nýjung.

Nú er áratugur síðan ég gerðist Ármaður. Í hjarta mér hafði ég verið fluguveiðimaður miklu lengur, en rataði ekki refilestgu heimsins inn í þennan menningarkima fyrr en ég keypti mig inn í húsið á Freyjugötu til Kolbeins heiðursfélaga okkar. Svona geta örlagadisimar verið manni hliðhollar.

Ekki grunaði mig þá að tíu árum síðar myndi ég opna gagnabanka og fræðasetur um fluguveiðar! En samt er það nú svo. Undanfarin ár hef ég skrifað og spjallað og lesið um veiðiskap og notið mikillar hjálpar Ármanna. Allt þetta hefur safnast saman í bunka sem ég ætla nú að opna mönnum til fróðleiks og skemmtunar og umræðu á Netinu.

Vefsetrið heitir: [www.flugur.is](http://www.flugur.is)

Þarna verða í upphafi yfir 100 greinar um fluguveiðar, og fjölgar ört. Nokkrir pennaliprir veiðimenn hafa gengið í lið með mér til að auðga vefinn. Einnig verða gagnabankar yfir ólíkar flugur sem við notum. Þá verður gefið út fréttabréf, Flugufréttir, sem sent verður út á Netinu einu sinni í viku, með bollaleggingum og fréttum af veiðiskap. Líka verður boðið upp á þá þjónustu að setja á vefinn tilkynningar um laus veiðileyfi. Geta skráðir félagar gert það sjálfir úr tölvu sinni. Gildir einu hvort leyfin eru á vegum félaga, fyrirtækja eða einstaklinga. Áskrifendur að fréttabréfinu verða sjálfkrafa á lista yfir "sértilboð" sem verða send út þegar tilefni er til, beint í tölvur viðtakenda.

Á vefnum verða greinarflokkar um ólík mál. „Sögur“ skýrir sig sjálf. Greinaflokkurinn „heilræði“ býður upp á leiðbeiningar um veiðivötn, aðferðir og brögd sem gott er að kunna. „Flugur“ fjallar um hinar ýmsu flugur, val manna á þeim, og þá verður þar undir ítarlegur gagnabanki með uppskriftum og myndum. „Matarlist“ fjallar um bráðina sem við setjum á disk, og síðan verða þjónustusíður sem birta laus veiðileyfi, spjallrásir um málefni fluguveiða og svo framvegis.

Skráning á vefnum verður ókeypis og stór hluti efnisins þar með opinn félögum án gjalds. Hluti greina verður seldur við mjög vægu gjaldi. Þá er um að ræða ítarefni og leiðbeiningar. Þær verða í greinaformi sem menn geta fengið beint í tölvuna sína gegn vægri greiðslu og prentað út. Þetta er tilraun til að komast hjá dýrri bókaprentun, eða bladaútgáfu, og hefur þann mikla kost að efnið er til reiðu þegar og ef þörf krefur. Margir ykkar hafa beðið um pistla mína á bók. Hér koma þeir í hús, þráðbeint! Flestir ókeypis, sumir gegn vægu gjaldi, sem verður oftast á bilinu 100-300 krónur. Auðvelt verður að opna reikning með greiðslukorti og gert upp mánaðarlega. Fréttabréfið mun kosta 99 kr. á viku í rafrænni áskrift og munu áskrifendur njóta margra sértilboða.

Vegir veiðinnar eru órannsaknlegir. Nú hafa þeir leitt mig til að stofna flugur.is! Stefnt er að opnun fyrir Hvítasunnu og verður hún kynnt rækilega. Ég býð Ármenn velkomna á flugur.is!

Kveðja,  
Stefán Jón Hafstein # 478

[www.flugur.is](http://www.flugur.is)

## Vorboðinn hrjúfi

### Skyggst inn í sálarlíf Ármanns # 308 á „vormánuðum“ þótt ekkert fararsnið sé á vetri konungi og veiðilöngunin að gera undirritaðan sturlaðan.

Þegar þetta er skrifað á vormánuðum, a.m.k. samkvæmt almanakinu og styttist „óðfluga“ í vorið og veiðina, er frost á Fróni og frýs í lykkjum og meira en 20 m á sekúndu eða öllu heldur sekúndubroti. Ekki sér á milli húsa dag eftir dag og því sálarlífið ekki upp á margar bleikjur. Þegar vonin ein er eftir, stendur einhversstaðar. Á hverjum morgni þegar ég sprett á fætur (það er reyndar lygi, drattast á lappir er nær sanni) og kiki út í þeirri von að það örli þínupons á vorinu, sér ekki á dökkan díl, nema þá helst hörðustu Ármenn að víða að sér helstu lífsnaðsynjum svo sem efni til hnytinga. Ætlar þetta helv... engan endi að taka. Nú ef allt væri eðlilegt ætti maður að vera farinn að kíkja á græjurnar, athuga hjól, línur og tauma og boxin full af þúpum og flugum. En því miður, þetta er eins og að vakna af vondum draumi, veiðivæntingar dofna og geðslagið eftir því.

Undirritaður sat við væsið einn daginn og reyndi af veikum mætti að hnyta eitthvað við undirleik 20 m/sek. og útkoman varð hvít flyksa, eins konar snjófluga. Svona er nú komið fyrir manni. Ekki tekur betra við ef maður gerist svo djarfur að hlusta á veðurfrægir - þá fyrst vernsar það. Og talandi um veðurspá get ég ekki látið hjá líða að nefna „veðurfræðingana“. Það var þá! Sama tuggan dag eftir dag: Búið er við stormi eða meir en 20m/sek. (byrjar skalinn á tutugu eða hvað?). Ég fer ekki ofan af því að eftir að þessi mælikvarði var tekinn upp hefur veðrið hriðversnað og ef ég man rétt þá er einn þessara falsspámanna í Ármönnum, réttast væri að reka hann úr félaginu. Já, maður býst við hinu versta frá þeim á veðurstofunni þessa dagana eða eins og mig dreymdi eina nóttina: Ég var að hlusta á veðurspána í útvarpinu og hún var svona: Frá veðurstofu Íslands, fyrst er það ísviðvörin, íshróngl er nú á mest öllu Hlíðarvatni og borgarísjaki stefnir inn á Botnavík - og þá vaknaði ég í svitakófi (og ég sem á dag í Hlíðarvatni snemma í maí). Og minn betri helmingur kvað mig ekki hafa látið svo ófriðlega í svefni frá því ég glimdi við stóra urriðann í Laxá.

P.s. Ármenn sem og aðrir geta tekið gleði sína. Veðurstofustjóri var í spjalli á Rás 2 og var beðinn að spá í framtíðina og eftir smá hik, þá spáði hann sumri.

Um fátt er meira rætt á Fróni þessa dagana en kuldann og klámið og í þeim anda er ort:

Röddin mín er orðin ráam,  
ruddalegt er veður,  
hér er bara kuldi og klám  
og kalinn er minn ....

Stefán Eiríksson # 308



SÉRVERSLUN FYRIR VEIÐIMENN

# VESTURRÖST

Laugavegi 178, 105 Reykjavík, Símar 551 6770 og 581 4455  
Fax 581 3751

## Grenlækur 4, Fitjaflóð:

### Leiðbeiningar, ætlaðar þeim sem eru ókunnugir á veiðisvæði 4 í Grenlæk

Ekkinn er þjóðvegur nr. 1 í átt að Kirkjubæjarklaustri. Skammt vestan við Skaftárbrúna er komið að vegi sem liggur suður Landbrot. Honum er fylgt í svo sem 10 mínútur eða þar til komið er að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Fossar er bærinn á vinstri hönd. Þar má fá gistingu á vægu verði, en vissast er að panta hana fyrirfram hjá Karitas í síma 487-4710. Veiðibók er varðveitt að Fossum og þar má yfirleitt fá allar helstu upplýsingar varðandi færð og fyrirkomulag veiða.

Frá Fossum niður að veiðisvæðunum er 20 til 30 mínútna akstur á vegslóða sem varla getur talist fær fólksbílum. Í honum eru varasamar bleytur og skvompur sem þarf að varast. Fyrst er haldið í átt að Arnardrangi, yfir grindarhlið, og tekinn afleggjari til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Hann liggur í hraunlendi meðfram túngirðingunni, yfir lækjarsprænu og sveigir síðan niður á sandinn. Fylgt er vegslóðinni uns farið er yfir frumstæða brú sem liggur yfir Grenlækinn og má þá aka milli veiðistaðanna austanvert við hann. Stærstu bílar komast ekki yfir brúna og verða að fara yfir á vaði sem er ofanvert við brúna. Allur akstur á svæðinu er að sjálfsögðu gerður á eigin ábyrgð. Fylgja skal stikaðri slóð og forðast að aka út fyrir hana. Þótt heimamenn séu oftast fúsir til að veita aðstoð við að losa bíla úr festum þá er ánægjan af veiðiferðinni fljót að dvína við slíkar upþákomur.

Um veiðisvæðið gildir almennt það að ferðast er um á austurbakkanum því vesturbakkinn er tæplega fær öðrum en fuglinum fljúgandi. Einnig má fara um nánast allt Flóðið á vöðlum, en þó þarf að gæta sín á því að botninn getur verið laus. Eins getur gróður flækst fyrir fótum veiðimanna, einkum síðsumars. Bátur hefur verið til ráðstöfunar fyrir veiðimenn, en ástand hans hefur ekki alltaf verið hið ákjósanlegasta.

Veiðisvæðið nær frá tanganum rétt ofan við Efri-skurð þar sem lækurinn breiðir úr sér í hið svonefnda Fitjaflóð, oftast nefnt Flóðið. Í Flóðinu má sum árin finna ála með áberandi straumi en annars er vatnið þar kyrrt sem stöðuvatn. Margir telja veiðivon meiri í straumálunum en aðrir segja að best sé að kasta fyrir fisk við brúnimar á sefbreiðunum. Enn aðrir segja að vesturbakkinn sé bestur. Sennilega hafa allir rétt fyrir sér.

Neðri endi Flóðsins endar í svonefndri Trekt og rennur Grenlækurinn þá fyrst milli hólma og síðan sameinaður í einum farvegi, Neðra-skurði allt til neðri veiðimarka sem eru við girðingu spölkorn neðan við brúna. Ekki er síður von á sjóbirtingi í Trektinni og Neðra-skurði en í Flóðinu.

Leyfilegur hámarksafli á hverja dagstöng er 8 fiskar. Daglegur veiðitími er frá 7 til 13 og 15 til 21. Fyrsta daginn má hefja veiði klukkan 15 og síðasta daginn lýkur veiðinni klukkan 13. Ef sérstaklega stendur á má reyna að semja við veiðiverði um hliðrun á veiðitíma, en slíkt þarf þá að gera áður en veiðin er hafin.

Athugið að merktá fiska skal meðhöndla samkvæmt fyrirmælum veiðivarða og munið að skrá afla í veiðibókina að Fossum. Gangið snyrtilega um og lokið hliðum á eftir ykkur að hætti Ármanna. Góða skemmtun.

15. mars 2000  
Ágúst Ú Sigurðsson # 2

## Tölvupóstföng félagsmanna

Æ fleiri tengjast netinu og eiga sér tölvupóstfang. Ef fréttabréf okkar yrði sent eingöngu með tölvupósti mætti spara mikið fé og auk þess er pappírssparnaður vistvænt fyrirkomulag og því mjög í anda Ármanna. Þótt ekki sé komið að því hjá stjórn Ármanna að taka upp þess konar dreifingu á Áróði, sjáum við fyrir okkur að þetta er það sem koma skal þótt ekki verði hætt að senda Áróð með pósti til þeirra sem það kjósa heldur. Það er því kominn tími til að fara að safna tölvupóstföngum félagsmanna og við biðjum ykkur að senda okkur við tækifæri pósthafið ykkar til undirritaðs sem hefur tölvupósthafið ghaukur@centrum.is eða til einhvers annars stjórnarmanns. Þeir sem vilja ekki að pósthafi þeirra fari víðar en til stjórnar eru beðnir að taka það fram.

Guðmundur Haukur Jónsson, ritari.

### Þingvallavatn

Nú er ljóst að Ármenn veiða ókeypiss næsta sumar fyrir landi þjóðgarðsins á Þingvöllum. Guttormur Einarsson hélt skemmtilega kynningu á veiðum í Þingvallavatni nú á dögum og Ágúst Ú. Sigurðsson var á staðnum. Gefum Ágústi orðið.

Laugardaginn 15. apríl var opið hús hjá Stangaveiðifélagi Reykjavíkur. Meðal annars miðlaði Guttormur Einarsson þar reynslu sinni af veiðum í Þingvallavatni. Hann talaði um veiðistaðina, tól og tilburði sem hann beitir við veiðarnar. Ég ætla að biða með að segja frá veiðistöðunum þar til ég hef sannreynt hversu gjöfuleir þeir eru. Í staðinn ætla ég að endursegja það helsta sem ég man af öðrum atriðum.

Fyrst má nefna að hann notar alvöru stöng, einhendu nr. 7-8, en ekki einhver rakettprik sem svo mjög eru í tísku. Línan sem hann notar mest er heimagerð, samsett úr flotlínubút nr. 9 og hraðsökkvandi enda, þannig að útkoman er einskonar „sinking tip“ skotlína. Ef mikil alda er á vatninu kýs hann þó fremur að nota sökkvandi línu svo öldurnar ná ekki að krulla línuna að ráði áður en hún sekkur. Taumurinn er það sem kom mér mest á óvart, en hann notar 0,26 til 0,3 mm sérinnflutt Tectan girni og segir bleikjuna alls ekki vera eins taumfælna og af er látið. Ef ekki festist í fiski eða botni í svo sem þriðja hverju kasti þá þurfi að láta sökkva betur! Með því að nota sterkt girni og hnýta flugurnar á öngla úr mjúku stáli þá helst veiðarfærtaþjón í skefjum því oftast er nóg að laga flugurnar aðeins með töng eftir festu í botni. Flugurnar sem hann notar mest eru þyngdar búkmiklar þúpur hnýttar á einkrækju nr 8. Nöfn nokkurra flugna: Tellico Special, Royal Peacock (mjó), Watson's Fancy afbrigði, Peter Ross þyngd, John's Montana. Ég vona nú að þið séuð einhvers vísari um það hvernig eigi að fást við Þingvallableikjuna og óska ykkur góðrar skemmtunar.

Ágúst Ú Sigurðsson # 2



**Veiðihornið Hafnarstræti býður fluguhnýturum mjög gott úrval af hnýtingaefni á góðu verði. Opið allan daginn, alla daga vikunnar. Og nú líka á netinu: [www.veidihornid.is](http://www.veidihornid.is)**